

Sp. 447. Tillaga til þingsályktunar [246. mál]
um könnun á þjóðhagslegu og félagslegu gildi veggangagerðar á Austfjörðum.

Flm.: Sveinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram könnun á þjóðhagslegu gildi veggangagerðar á Austurlandi. Sérstaklega skal metið félagslegt og hagrænt gildi þess að vegalengdir milli byggðarlaga styttest og leiði til aukinna samskipta. Tekið skal tillit til þess sparnaðar sem þetta mundi leiða til í snjómokstri og viðhaldi vega auk minni eldsneytis-eyðslu og slits á farartækjum. Í könnun þessari skal lagt mat á einstakar hugmyndir að jarðgöngum og þeim raðað í forgangs röð, jafnframt því að gildi þeirra í heild sé metið.

Greinargerð.

Á undanförunum árum hefur gætt vaxandi áhuga héraendis á veggangagerð til lausnar á samgönguvandamálum einangraðra byggðarlaga. Hefur í því sambandi einkum verið litið til nágretta okkar, Færeyinga, sem á síðastliðnum 20 árum hafa gert sem svarar einum

Oddsskarðsgöngum á ári. Samtals hafa þar verið gerðir um 13 600 m af veggöngum á tímabilinu 1963—1983 samkvæmt frumskýrslum Orkustofnunar.

Fulltrúar Orkustofnunar hafa kynnt sér jarðfræðilegar aðstæður við jarðgangagerð í eyjunum og er skýrsla þeirra um það væntanleg á næstunni. Tæknilegir eiginleikar berglaga eru taldir mjög svipaðir og víða hérlendis. Raunhæfur samanburður á aðstæður fæst aðeins ef bornar eru saman annars vegar aðstæður í Færeyjum og hins vegar aðstæður á ákveðnum stöðum á Íslandi, t. d. jarðlög eða jarðlagasyrpur á fyrirhuguðum eða hugsanlegum jarðgangasvæðum.

Á vegum Vegagerðarinnar hefur á síðastliðnum árum verið gert átak í athugunum á möguleikum til jarðgangagerðar. Reynslan af gerð ganga í gegnum Stráka og Oddsskarð verður að teljast góð en erfiðleikar og ef til vill kunnáttuleysi áttu mikinn þátt í því að gerð þeirra varð dýrari en áformað var. Áform um frekari framkvæmdir af þessu tagi hafa því ekki hlotið hljómgrunn og tortryggni gætt í garð þeirra.

Varfærni á þessu sviði er sjálfsögð, en fullyrða má að möguleikar til rannsókna á jarðfræðilegum aðstæðum eru í dag betri en áður og tækni við jarðgangagerð hefur fleygt fram. Það hlýtur því að vera íhugunarefni hvort ekki sé tímabært að kanna þjóðhagslegt, félagslegt og hagrænt gildi veggangagerðar á Íslandi. Með þessari þingsályktun er leitað eftir stuðningi Alþingis til að slík könnun verði gerð vegna hugmynda um veggangagerð á Austurlandi.

Hugmyndir um frekari veggangagerð á Austurlandi hafa verið að mótast á síðast liðnum árum. Á árunum 1982 og 1983 var á vegum VR unnið að athugun á bættu vegasambandi milli Vopnafjarðar og Héraðs. Hafa í því sambandi verið kannaðir fimm kostir með jarðgöngum allt frá 940 m til 6600 m löngum. Þá voru sumarið 1983 kannaðir möguleikar á jarðgöngum frá Seyðisfirði til Mjóafjarðar og þaðan tvær leiðir til Norðfjarðar. Frá Fannardal í Norðfirði var athugaður möguleiki á göngum til Eskifjarðar sem væru í mun minni hæð yfir sjó en göngin í gegnum Oddsskarð. Enn fremur var athugað með göng frá Reyðarfirði til Fáskrúðsfjarðar. Lausleg athugun var einnig gerð á göngum milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur. Einnig var athugaður möguleiki á göngum úr Reyðarfirði og suður í Breiðdal stystu leið. Enn fremur möguleiki á göngum milli Seyðisfjarðar og Héraðs og Mjóafjarðar og Héraðs.

Ljóst er að hér er um langtíma verkefni að ræða þegar af verður. Nauðsynlegt þykir að benda á mikilvægi þess að kannað sé félagslegt og hagrænt gildi framkvæmda af þessu tagi. Spurningin er ekki eingöngu um það hvort sé hagkvæmara að byggja upp veg með ströndum fram eða fara stystu leið í gegnum fjöllin milli fjarða. Markmiðið er ekki hvað síst að færa þéttbýliskjarnana nær hvern öðrum og gera að meiri heild. Samskipti milli staða munu verða auðveldari, atvinnulífi öllu til eflingar. Tilkostnaður við snjómokstur og viðhald vega mun minnka auk minni eldsneytiseyðslu og slits á farartækjum. Veggangagerðin mun einnig gera mögulegt að stofnlagnir rafmagns og síma verði felldar niður á erfiðum leiðum. Afhendingaröryggi mun því aukast og tilkostnaður við viðhald minnka.

Sjálfsagt þykir að leita eftir því með könnun af þessu tagi hvaða framkvæmdir séu hagkvæmastar og æskilegastar frá félagslegu sjónarmiði. Þeim verði því ráðað í forgangsroð en það ætti að auðvelda allar ákvarðanir.